

Stjórnkerfis- og lýðræðisráð, 16. mars 2015.

Skýrsla um aðgerðir gegn heimilisofbeldi gagnvart fötluðu fólki.

Á fundi borgarráðs 19. febrúar sl. var lögð fram skýrsla starfshóps um aðgerðir gegn heimilisofbeldi gagnvart fötluðu fólki.

Borgarráð vísað skýrslunni til umfjöllunar og umsagnar stjórnkerfis- og lýðræðisráðs með bréfi dags. 24. febrúar 2015.

Umsögn:

Stjórnkerfis- og lýðræðisráð fagnar því að fyrir liggi tillögur að aðgerðum gegn heimilisofbeldi gagnvart fötluðu fólki. Eins og fram kemur í skýrslunni eru meiri líkur til þess að fatlaðar konur verði fyrir ofbeldi en aðrir hópar samfélagsins. Því hlýtur það að vera forgangsmál að að Reykjavíkurborg, sem treyst er af samfélaginu fyrir fötluðum, bregðist við þessari auknu áhættu og búi fötluðum örugg heimili.

Ráðið tekur undir tillögur þær sem fram koma í skýrslu starfshópsins og fagnar sérstaklega áherslunni sem er á að tryggt sé að ekki sé reynt að fela í kerfinu það ofbeldi sem fatlað fólk verður fyrir á heimilum þar sem það fær þjónustu frá Reykjavíkurborg. Bæði skiptir það máli varðandi einstök mál og ekki síður til þess að hægt sé að greina vandann og finna lausnir til að koma í veg fyrir heimilisofbeldi gagnvart fötluðu fólki. Því er brýnt að í verklagsreglunum sem fjallað er um í tillögu nr. 1 sé tryggt að upplýsingar um mál sem upp koma séu skráðar með skipulegum hætti og á þann hátt að nýta megi upplýsingarnar til umbóta í stjórnkerfi borgarinnar.

Einnig er umhugsunarvert að í skýrslunni er bent á að margt fólk upplifir valdaleysi yfir sínu eigin lífi, lágt sjálfsmat og félagslega einangrun, sem veldur því að það á stundum erfitt með að þekkja mörkin milli heilbrigðra samskipta og ofbeldisfullra sem og að brjótast út úr ofbeldissamböndum. Er þetta að hluta til rakið til þess að fötluðu fólki er kennt að vera þakklátt fyrir alla þjónustu og að skoðun þess og valfrelsi skipti litlu máli. Mikilvægt er að huga að þessu vandamáli með markvissri valdeflingu fatlaðs fólks; að rekja þá kerfisbundnu þætti sem halda fötluðu fólki undirskipuðu og sporna við þeim. Þar skiptir til að mynda andi þeirrar þjónustu sem fötluðu fólki býðst miklu máli. Valdeflandi hugmyndafræði gildandi laga og sáttmála þarf að skila sér alla leið til allra stiga stjórnsýslunnar.

Stjórnkerfis- og lýðræðisráð mælir með því við borgarráð að skýrslan verði samþykkt og ráðist verði í þær aðgerðir sem þar eru lagðar til.